

Fundur 29.11.2021 Sveinbjörn Beinteinsson Alsherjargoði.

Komið þið sæl.

*Já velkominn.*

Alltaf gaman að heyra í ykkur, tala ég úr stórri stjörnusambandsstöð eins og venjulega og vona ég að sem flestir skynji þá sýn og erum við svo heppin að þeir sem hönnuðu þennan stað höfðu gegnsæja glerhvelvingu umhverfis svo hægt væri að sjá út og verða sér þess vegna meðvitaður í rauntíma hvernig til manns er hugsað og hvernig stjörnusambandið virkar og hvernig við erum hluti af sama geimi og undrin gerast í vött og breytt.

Og veit ég að til eru margar slíkar stjörnusambandsstöðvar eins og ég er staddur í, sem snúast á öxli sínum og er það mikið sjónarspil en er það ekki svo með byggingu sem við erum stödd í, en er hún gríðarlega stór og njótum við kærleikans og samstillingarinnar og eru það æfinlega mikil tilhlökkunarefni þegar líkamningar koma fram í miðjum salnum og birtast og tjá sig.

Og njótum við af þeim lífmagns þeirra og mætti ýmislegt fleira um það segja við tækifæri, læt ég það eiga sig í bili en ætla að reyna að segja til nafns. Hef ég margsinnis komið fram á ykkar fundum og þykir mér það æfinlega jafn ánægjulegt, Sveinbjörn Beinteinsson Alsherjargoði.

*Vertu velkominn, blessaður.*

Og biður pabbi þinn kærlega að heilsa, Þorsteinn.

*Þakka þér fyrir það, það blundaði nú alltaf í þér Nýalskenningin, var það ekki?*

Já, svo sannarlega, það var svona næsti bær við, ef svo má segja, en þjóleg fræði og vísnaverð og störf bóndans, bústörfín og gamlar heimildir voru mér þó ögn hugstæðari en þær framandi kenningar. En virti hann æfinlega mikils og geri enn, og var ekki laust við að ég skynjaði eitthvað sjálfur á stundum sem mér fannst styðja þessa merkilegu kenningu já.

*Já, hefur þú nokkuð haft tök á að hitta einhverja af höfundum Eddukvæðanna sem þú hafðir svo miklar mætur á?*

Höfundana nei, en skrifarana hef ég nokkra hitt já, og ennþá er það okkur jafn mikill leyndardómur hverjir voru höfundar, enda margt af þessu gamall arfur frá Evrópu og segja má meiri hlutinn, en orðalag að nokkru leiti mótað á Íslandi.

En bæði hef ég hér í nýju lífi hitt nokkra sem hafa frætt mig um þetta og nokkrir framkomið á sambandsstöðvum sem höfðu hönd í bagga að rita þetta niður á kálfskinn og svo hafa þeir komið í sambandið og sagt frá reynslu sinni.

Og það kom mér svo sem ekki mikið á óvart að heimildamenn þessara kvæða voru ekki síður konur og margir aðilar sem áttu ættir að rekja til Goðorðsmannanna og jafnvel var það svo merkilegt að prestarnir í kristnum sið á þeim tíma. Prestarnir áttu fjölmarga ættingja sem voru að kukla og fást við fjölkyngi og áttu rúnakefli og handrit sem skráð höfðu verið af munkum og ýmsum galdramönnum þess tíma.

Það voru ýmsir spekingar til forna sem áttu samskipti og skráðu ýmislegt hjá sér sem notað var sem heimildir og fólk sem mundi langt aftur og hafði þetta í minni sínu. Og Snorri sjálfur að sjálfsögðu ein besta heimildin, er hann kominn langt á framlífshnöttum og hefur hann margsinnis talað til okkar, ævinlega tilhlökkunarefni og hefur hann lýst þessu.

Já og ekki bara Íslendingar sem áttu þennan arf og þykir mér það furðulegt að sá mikli bókmenntaarfur sem til var í öðrum löndum skuli ekki hafa varðveist betur og tel ég jafnvel eitthvað eiga eftir að uppgötvast síðar um það.

*Var þetta ekki á Írlandi?*

Írlandi já, það var mikið skrifað á Írlandi, það er rétt, og víðar. En eftir kristnitökuna þá var þessu safnað saman og glataðist margt af þessu og fór til Páfagarðs eitthvað af þessu og dreifðist þannig. Og var sumt af því eyðilagt. En vafalaust meira til en uppgötvast hefur.

Já, hér er öflugt samfélag heiðinna manna og kannski meiri hlutinn sem aðhyllist þá trú en eitthvað til af öðru.

Ég hef ferðast talsvert um þennan hnött og æfinlega gaman af því. En á ég mér jörð ekki ósvipaða þeirri þar sem ég var bóndi á Jörðinni gömlu og bý þar með mínu fólki.

Og skynjaði ég til ykkar að vakning sé að verða í þessum málum á Jörðinni og nýtt Hof að rísa, er það ekki?

*Jú.*

Fagna ég því og óska ykkur til hamingu með það.

*Þakka þér fyrir.*

Já, erum við hér mörg og megið þið hugsa til okkar.

Ingvar og Þorsteinn biðja báðir að heilsa og hér eru fjölmargir ættingjar ykkar sem sömuleiðis biðja að heilsa.

Verð ég nú að kveðja að sinni en þakka ég fyrir í kvöld og næ að koma síðar.

Verið þið sælir.

*Vertu blessaður.*